

<b>Fundarnúmer:</b>	97
<b>Dagsetning:</b>	09.01.2008
<b>Tími:</b>	16:15
<b>Staður:</b>	Fundarsalur Ráðhúss

## 97. FUNDUR.

Miðvikudaginn 9. janúar 2008 kl. 16:15 kom fræðsluráð Húnaþings vestra til 97. fundar í fundarsal ráðhúss að Hvammstangabraut 5 á Hvammstanga. Mæting samkvæmt undirskriftum.

### Dagskrá:

1. Erindi frá byggðarráði. Beiðni um umsögn vegna bréfs frá menntamálanefnd Alþingis. Kynning á frumvarpi til laga um framhaldsskóla og frumvarp til laga (mál nr. 288) um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla og kröfur til menntunar.
2. Önnur mál.

### Afgreiðslur:

1. Ágúst Jakobsson skólastjóri er mættur til fundar. Kynnti hann fyrir fræðsluráði helstu atriði varðandi frumvarp til laga um grunnskóla. Telur skólastjóri kosti frumvarpsins ótvíræða. Guðrún Lára Magnúsdóttir leikskólastjóri er mætt til fundar. Leikskólastjóri fagnar þeirri nýlundu að foreldraráð verði sett á inni í leikskólum. Jafnframt gefst aukinn möguleiki á símenntun starfsfólks innan leikskóla. Skólastjóri fjallaði um frumvarp til laga um menntun kennara og skólastjórnenda. Leikskólastjóri og skólastjóri voru sammála um ágæti frumvarpsins. Fræðsluráð fjallaði um frumvarp til laga um grunnskóla, leikskóla og menntun kennara og skólastjórnenda. Telur fræðsluráð að þessi frumvörp séu í heild sinni jákvæð. Að hluta til er um að ræða aðlögun að því umhverfi sem ríkir í dag. Skýrar er kveðið á um réttindi, skyldur og ábyrgð hlutaðeigandi aðila sem er af hinu góða. Fræðsluráð tekur ekki afstöðu til frumvarps til laga um framhaldsskóla.
2. Önnur mál. Fræðsluráð samþykkir að stefna að því að halda fund fyrsta miðvikudag í hverjum mánuði kl. 16:00.

Fundargerð upplestin og samþykkt. Fundi slitið kl. 18:00.

Elín Jóna Rósinberg(sign.), Gísli Már Arnarsson(sign.),  
Guðmundur Ísfeld(sign.), Gunnar Þorgeirsson(sign.),  
Guðrún E. Benónýsdóttir(sign.).